

## Rýmingaráætlun

Skapist hættuástand í húsum þar sem brunaviðvörunarkerfi fer í gang skal vinna eftir eftirfarandi ferli:

1. Fulltrúi landsmótsnefndar, húsvörður og/eða leiðtogar á vakt fara að stjórntöflu brunaviðvörunarkerfis, stöðva vælu og kanna hvaðan brunaboðið kemur.
2. Þáttakendur, leiðtogar og aðrir bíða átekta á meðan. Ekki skal yfirgefa kennslustofur/íþróttahús fyrr en staðfest sé að um hættuástand er að ræða.
3. Ef um falsboð er að ræða tilkynnir fulltrúi landsmótsnefndar eða húsvörður það til Securitas í síma 580-700 og dagskrá heldur áfram eins og frá var horfið.
4. Ef um hættuástand er að ræða gangsetja þeir aftur viðvörunarvælur og hafa samband við neyðarlínu í síma 112 og tilkynna um hættu.
5. Landsmótsnefnd, húsverðir og leiðtogar hefja þá rýmingu samkvæmt leiðbeiningum sem finna má í öllum kennslustofum skólanna og í anddyri íþróttahúss/sundlaugar og koma nemendum á söfnunarsvæði.

### Söfnunarsvæði eru eftirfarandi:

#### Íþróttahús Keflavíkur / TM-höllin

- Söfnunarstaður er í matsal Holtaskóla

#### Holtaskóli

- Ef hættuástand skapast að degi til skulu allir í húsinu safnast saman í íþróttahúsi Keflavíkur/TM-höllinni.
- Ef hættuástand skapast að nótta til skulu allir í húsinu safnast saman á bílastæði fyrir framan íþróttahús Keflavíkur/TM-höllina. **Næturvakt skal hringja í landsmótsstjóra** á meðan leiðtogar telja í sínum hópum og ganga úr skugga um að allir séu á staðnum.
- Landsmótsstjóri eða húsvörður mun opna íþróttahúsið eins fljótt og auðið er til að koma fólk í húsaskjól.

#### Myllubakkaskóli

- Ef hættuástand skapast að degi til skulu allir í húsinu safnast saman á skólalóð fyrir framan skólann. Ef enginn leiðtogi er á svæðinu skulu þáttakendur bíða eftir leiðtoga sem fylgir þeim að íþróttahúsi Keflavíkur/TM-höllinni.
- Ef hættuástand skapast að nótta til skulu allir í húsinu safnast saman á skólalóð fyrir framan skólann. **Næturvakt skal hringja í landsmótsstjóra** á meðan leiðtogar telja í sínum hópum og ganga úr skugga um að allir séu á staðnum. Leiðtogar leiða sína hópa til íþróttahússins.
- Landsmótsstjóri eða húsvörður mun opna íþróttahúsið eins fljótt og auðið er til að koma fólk í húsaskjól.